

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 12. febrúar 2025

Mál nr. E-7034/2023:

**A**

(Almar Þór Möller lögmaður)

**gegn**

**íslenska ríkinu**

(Fanney Rós Þorsteinsdóttir lögmaður)

## Dómur

1. Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 9. janúar 2025, höfðaði A, [...], 17. nóvember 2023 gegn íslenska ríkinu, [...] Reykjavík. Málið var endurupptekið og dómtekið að nýju 4. febrúar sl. af ástæðum sem síðar verður vikið að.

2. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

*Í fyrsta lagi, aðallega* að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 12.810.323 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 1.000.000 króna frá 17. desember 2013 til 8. ágúst 2014, af 6.000.000 króna frá þeim degi til 11. ágúst 2014, af 8.900.000 krónum frá þeim degi til 1. júlí 2017, af 9.374.330 krónum frá þeim degi til 1. júní 2018, af 9.925.207 krónum frá þeim degi til 1. júní 2019, af 10.514.488 krónum frá þeim degi til 1. júní 2020, af 11.131.595 krónum frá þeim degi til 7. apríl 2021 og af 12.810.323 krónum frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum innborgunum að fjárhæð 4.265.735 krónur 12. maí 2023 og 3.049.039 krónur 13. júní 2023.

*Til vara* krefst stefndi sömu fjárhæðar og að framan greinir, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af sömu fjárhæðum og frá sömu dagsetningum og að framan greinir til 21. janúar 2022 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum sömu innborgunum á sömu dagsetningum og að framan greinir.

*Í öðru lagi* er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 10.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 7.

febrúar 2013 til 21. janúar 2022 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

3. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda en til vara lækkunar. Þá er krafist málskostnaðar.
4. Aðalmeðferð í máli þessu fór fram 9. janúar 2025, samhliða aðalmeðferð í öðru samkynja máli sem B höfðaði 17. nóvember 2023 á hendur íslenska ríkinu, máli nr. E-7037/2023, og er dómur í því máli kveðinn upp samhliða dómi í þessu máli.
5. Við munnlegan málflutning kom í ljós að brestur virtist vera í upplýsingum um umdeild málsatvik varðandi skilning aðila á hreyfingayfirliti sem liggur fyrir í hvoru máli fyrir sig. Vakti dómari athygli á því með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 46. gr. og 104. gr. laga nr. 91/1991, en málin voru eigi að síður flutt til enda og dómtekin að því loknu. Síðar sama dag sendi lögmaður stefnda dómara og lögmanni stefnanda hreyfingayfirlit í máli þessu, nr. E-7034/2023, ásamt skýringum sýslumannsins á Norðurlandi vestra, og óskaði eftir því að fá að leggja það fram í málinu. Var lögmanni stefnanda þá gefinn kostur á að bregðast við með þeim hætti sem hann teldi tilefni til. Í framhaldinu ákvað lögmaður stefnda að afla sams konar skýringa sýslumanns á því hreyfingayfirliti sem liggur fyrir í máli nr. E-7037/2023 og bárust þær 3. febrúar 2025. Var þá ákveðið að bæði málin skyldu endurupptekin til að leggja fram umrædd skjöl og var það gert í þinghaldi 4. febrúar 2025. Lagði stefnandi þá jafnframt fram endanlega kröfugerð sína sem rúmast innan marka upphaflegrar kröfugerðar hans og voru engar athugasemdir gerðar við þær breytingar af hálfu stefnda. Var aðilum gefinn kostur á að tjá sig af þessu tilefni til viðbótar fyrri málflutningi en að því búnu var málið dómtekið að nýju.

#### *I. Helstu málsatvik og ágreiningsefni*

6. Helstu málsatvik teljast ágreiningslaus. Með ákæru 18. desember 2008 höfðaði settur ríkislögreglustjóri sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur stefnanda ásamt fleirum, þ.m.t. B, að lokinni rannsókn skattyfirvalda og lögreglu. Ákæran var í fimm köflum og mörgum liðum og voru stefnanda gefin að sök meiri háttar brot gegn skattalögum samkvæmt II. og III. kafla ákærunnar. Undir rekstri málsins krafðist stefnandi frávísunar þess frá dómi. Eftir að dómur Mannréttindadómstóls Evrópu („MDE“) gekk 10. febrúar 2009 í máli nr. 14939/03, C gegn Rússlandi, féllst héraðsdómur á kröfuna hvað hluta málsins varðaði. Úrskurðurinn var kærður til

Hæstaréttar sem felldi hann úr gildi með dómi [...] 2010 í máli nr. [...] og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

7. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2011 var stefnandi sakfelldur fyrir ýmis brot á grundvelli II. og III. kafla ákærunnar en sýknaður af öðrum sakargiftum. Með vísan til aðdraganda málsins og þess tíma sem rannsókn þess tók var ákvörðun refsingar ákærða frestað skilorðsbundið í eitt ár frá dómsuppsögu.
8. Dóminum var áfrýjað og kvað Hæstiréttur upp dóm [...] 2013 í máli nr. [...], þar sem stefnandi var einnig sakfelldur samkvæmt tilteknum liðum II. og III. kafla ákærunnar. Hæstiréttur taldi stefnanda hafa gerst sekan um meiri háttar brot á skattalögum og var refsing hans því ákveðin samkvæmt 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Var stefnanda gert að sæta fangelsi í 18 mánuði en fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dómsins. Þá var honum gert að greiða 32.000.000 króna sekt að viðlagðri 12 mánaða vararefsingu.
9. Eins og nánar verður vikið að síðar greiddi stefnandi alls 8.900.000 krónur inn á sektina og 3.906.863 krónur í sakarkostnað í kjölfar dóms Hæstaréttar. Innheimtu sektarinnar mun síðan hafa verið frestað meðan leyst var efnislega úr kæru stefnanda hjá MDE sem hér verður vikið að.
10. Stefnandi lagði ásamt fleirum, þ.m.t. B, fram kvörtun til MDE 21. mars 2011 á þeim grundvelli að hann hefði tvívegis sætt saksókn og refsingu fyrir sama brot með beitingu álags á stjórnarsýslustigi og síðar í sakamáli fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu [...] 2017 í máli nr. [...], B og fleiri gegn Íslandi, að brotið hefði verið gegn rétti stefnanda með því að hann var saksóttur og honum refsað tvívegis vegna sömu eða efnislega sömu háttsemi í tveimur aðskildum málum sem tengdust ekki með fullnægjandi hætti, sbr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu („MSE“). Var stefndi dæmdur til að greiða stefnanda nánar tilgreindar bætur og málskostnað fyrir MDE.
11. Stefnandi fór þess á leit við endurupptökunefnd 9. júní 2017 að Hæstaréttarmálið nr. [...] yrði endurupptekið fyrir Hæstarétti með vísan til fyrrgreinds dóms MDE. Endurupptökunefnd féllst á það með úrskurði [...] 2018 en með dómi Hæstaréttar [...] 2019 í máli nr. [...] var endurupptöku málsins aftur á móti hafnað og því vísað frá Hæstarétti.
12. Með lögum nr. 47/2020, sem tóku gildi 1. desember 2020, voru gerðar breytingar á lögum nr. 50/2016 um dómstóla, lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr.

88/2008 um meðferð sakamála. Endurupptökudómi var komið á fót og gerðar breytingar á skilyrðum fyrir endurupptöku bæði einka- og sakamála. Í breytingunum fólst m.a. að skilyrði fyrir endurupptöku sakamála voru rýmkuð.

13. Með úrskurði Endurupptökudóms [...] 2022 í máli nr. [...] var fallist á beiðni stefnanda og B um endurupptöku á Hæstaréttarmáli nr. [...] hvað þá varðaði. Í úrskurðinum sagði m. a. að í dómi MDE [...] 2017 hefði eingöngu verið fjallað um atvik sem vörðuðu I. og II. kafla ákæru og leyst hefði verið úr með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...], en í dóminum hefði einnig verið leyst úr fleiri ákæruliðum og stefnandi verið sakfelldur fyrir fleiri atriði. Þar sem refsing hefði verið ákvörðuð í einu lagi þótti ekki annað unnt en að endurupptaka dóminn í heild sinni hvað stefnanda og B varðaði.
14. Ríkissaksóknari gaf út fyrirkall 26. janúar 2022 sem birt var 11. febrúar sama ár. Fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið þess að sakargiftum samkvæmt I. og II. kafla ákæru yrði vísað frá dómi en að staðfest yrði niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu stefnanda og B að öðru leyti og að þeim yrði gerð refsing lögum samkvæmt. Stefnandi krafðist þess að II. kafla ákæru yrði vísað frá dómi og að honum yrði ekki gerð refsing vegna 2. töluliðar III. kafla hennar.
15. Með dómi Hæstaréttar [...] 2022 í máli nr. [...] var sakargiftum samkvæmt I. og II. kafla ákæru vísað frá héraðsdómi. Staðfest var sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms að sakfella stefnanda samkvæmt 2. tölulið III. kafla ákærunnar, en með þeirri háttsemi sem þar var lýst hefði hann vantalið í starfsemi F (síðar G), launagreiðslu að fjárhæð 8.000.000 króna og ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna hennar, samtals 3.083.200 krónum. Með þessu hefði stefnandi með stórkostlegu hirðuleysi brotið gegn 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, en eins og atvikum væri háttað yrði háttsemi hans ekki heimfærð til 1. mgr. 261. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þeim sektargreiðslum sem stefnandi hafði þegar innt af hendi var honum ekki gerð sérstök refsing í málinu, en um það atriði segir svo í dóminum, efnisgrein 52:

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 varða brot beggja ákærðu sektum. Eftir þeirri málsgrein skal aldrei dæma lægri fésekt en sem nemur tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem ekki var staðið skil á. Að teknu tilliti til þessa og með hliðsjón af þeim sektargreiðslum sem ákærðu hafa innt af hendi er ljóst að ákvörðun sekta nú næmi lægri fjárhæðum en þeim sem þeir hafa greitt. Samkvæmt því verður hvorugum ákærða gert að greiða sekt.

16. Stefnandi krafði stefnda með bréfi 30. nóvember 2022 um endurgreiðslu ofgreidds fjár sem hann hefði greitt íslenska ríkinu á grundvelli þess dóms Hæstaréttar sem felldur hefði

verið úr gildi, nánar tiltekið 8.900.000 króna í sekt og 3.906.862 króna í sakarkostnað. Var að auki krafist vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 150/2019 og lögmannsþóknunar. Áskilinn var réttur til að krefjast síðar skaðabóta vegna þess tjóns sem stefnandi hefði orðið fyrir á grundvelli ákæru setts ríkislögreglustjóra og viðurlaga samkvæmt nefndum dómi. Í svarbréfi ríkislögmanns 10. febrúar 2023 var fallist á viðræður um lyktir málsins og voru helstu sjónarmið stefnda reifuð. Kom þar m.a. fram sú afstaða embættisins að þótt stefnanda hefði ekki verið gerð refsing með dómi Hæstaréttar frá [...] 2022 yrði ekki horft fram hjá því að sú refsíákvörðun hefði byggst m.a. á því að hann hefði þegar innt af hendi sektargreiðslur í ríkissjóð.

17. Stefndi endurgreiddi stefnanda 12. maí 2023 allan greiddan sakarkostnað ásamt vöxtum, samtals að fjárhæð 4.265.735 krónur. Í stefnu var að því fundið að hvorki hefði verið tilgreint við hvaða vexti var miðað né gerð grein fyrir útreikningi þeirra að öðru leyti, en við endurupptöku málsins var upplýst af hálfu stefnda að sakarkostnaður hefði verið endurgreiddur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
18. Með yfirlýsingu 1. júní sama ár var fallist á að greiða stefnanda þær sektargreiðslur sem hann hefði ofgreitt, miðað við það álit stefnda að hann hefði fengið að lágmarki sekt að fjárhæð 6.166.440 krónur vegna þeirrar háttsemi sem hann hefði verið fundinn sekur um. Voru honum greiddar 2.733.560 krónur auk vaxta og lögmannsþóknunar, samtals að fjárhæð 3.359.039 krónur, og mun það hafa verið gert 13. júní sama ár, samkvæmt því sem miðað er við í kröfugerð stefnanda. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir við sama tilefni að hann tæki við framangreindri greiðslu með fyrirvara og að áskilinn væri réttur til að höfða dómsmál til innheimtu frekari bótagreiðslna.
19. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta með stefnu birtri 17. nóvember 2023, annars vegar til heimtu á eftirstöðvum þeirra fjármuna sem hann greiddi í sekt og sakarkostnað, sem stefndi hefur neitað að endurgreiða honum, og hins vegar til heimtu miskabóta.
20. Ekki voru gefnar munnlegar skýrslur við aðalmeðferð málsins.

## *II. Málsástæður og lagarök stefnanda*

### *A. Aðalkrafa um endurgreiðslu á sektargreiðslu og sakarkostnaði*

21. Stefnandi byggir fjárkröfu sína á því að stefndi hafi viðurkennt rétt stefnanda til endurgreiðslu og greiðsluskyldu sína með endurgreiðslu sakarkostnaðar 12. maí 2023 og með endurgreiðslu höfuðstóls, vaxta og dráttarvaxta með greiðslu 13. júní 2023. Ágreiningur milli málsaðila takmarkist við umfang endurgreiðslukröfu og vexti.

*Umfang endurgreiðslukröfu*

22. Samkvæmt bókun sem lögð var fram við endurupptöku málsins 4. febrúar 2025 byggir stefnandi á því að hann hafi greitt samtals 3.910.323 krónur vegna sakarkostnaðar og að greiðslurnar hafi verið inntar af hendi með einhliða skuldajöfnuði stefnda, dags. 1. júlí 2017 að fjárhæð 474.330 krónur, dags. 1. júní 2018 að fjárhæð 550.877 krónur, dags. 1. júní 2019 að fjárhæð 589.281 krónur, dags. 1. júní 2020 að fjárhæð 617.107 krónur og gírógreiðslu, dags. 7. apríl 2021 að fjárhæð 1.678.728 krónur. Um hafi verið að ræða málsvarnarlaun verjanda fyrir Hæstarétti 1.400.000 krónur og fyrir héraðsdómi 2.506.863 krónur. Vakin er athygli á að innborganir á sakarkostnað hafi numið 3.460 krónum meira en kveðið var á um í dómsorðum, en þar sé um að ræða innheimtukostnað sem stefnanda hafi verið gert að greiða stefnda.

23. Þá kveðst stefnandi hafa greitt stefnda 8.900.000 krónur inn á sektina, sem sundurliðist með eftirfarandi hætti:

17.12.2013	1.000.000
08.08.2014	5.000.000
11.08.2014	2.900.000
Samtals:	<b>8.900.000</b>

24. Stefnandi bendir á að dómsorð Hæstaréttar í máli nr. [...] sé eftirfarandi:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi að því er varðar sakargiftir samkvæmt I. og II. kafla ákæru.

[...]

Ákærða A er ekki gerð sérstök refsing.

[...]

Allur kostnaður af rekstri málsins í héraði sem varðaði þátt ákærðu, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða B, D lögmans, 7.781.000 krónur, og verjanda ákærða A, E lögmans, 5.013.725 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allur kostnaður af rekstri hæstaréttarmáls nr. [...] sem varðaði þátt ákærðu með þeim fjárhæðum sem ákveðnar voru með dómi réttarins [...] 2013, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða B, D lögmans, 1.757.000 krónur, og verjanda ákærða A, E lögmans, 1.400.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

25. Hinn 12. maí 2023 hafi stefndi endurgreitt 4.265.735 krónur í sakarkostnað og vexti. Hvorki hafi verið upplýst við hvaða vexti var stuðst né frá hvaða tímamarki.

26. Hinn 13. júní 2023 hafi stefndi endurgreitt 2.733.560 krónur inn á höfuðstól. Einnig hafi stefndi greitt stefnanda vexti frá 21. janúar 2022 til 30. desember 2022 og dráttarvexti

frá 30. desember 2022 til 1. júní 2023, eins og nánar sé sundurliðað í stefnu og yfirlýsingu stefnda frá 1. júní 2023.

27. Samtals hafi stefnandi greitt stefnda 12.810.323 krónur í sekt og sakarkostnað. Stefndi hafi á móti endurgreitt stefnanda í tveimur greiðslum 7.314.774 krónur. Séu það þær fjárhæðir sem fram komi í dómkröfum.
28. Stefnandi telur tilraun stefnda til að endurskoða dóm Hæstaréttar, eins og gert sé í yfirlýsingunni 1. júní 2023, ekki hafa lagastoð. Samkvæmt 186. gr. laga nr. 88/2008 sé dómur bindandi um úrslit sakarefnis fyrir ákærða, ákærvaldið og aðra um þau atriði sem þar séu dæmd að efni til. Sé ekki heimild til þess að lögum að sú dómsúrlausn geti nú að efni til sætt endurskoðun eða „endurbótum“ stefnda á þeim grundvelli sem stefndi byggði afstöðu sína á. Þau sjónarmið sem fram komi í fyrrnefndri yfirlýsingu séu að mati stefnanda ekki annað en haldlausar getgátur um atriði sem ekki sé að finna í niðurstöðum hins endanlega dóms Hæstaréttar. Að mati stefnanda beri eingöngu að leysa úr málinu á grundvelli dómsorðs Hæstaréttar um viðurlög enda hafi fyrri dómur Hæstaréttar verið felldur úr gildi, sbr. úrskurð Endurupptökudóms og ákvæði 1. mgr. 231. gr. laga nr. 88/2008. Ekkert dómsorð sé til staðar sem kveði á um að stefndi geti haldið eftir hluta af þeim fjármunum sem stefnandi hafi greitt á grundvelli dóms sem hafi verið felldur úr gildi. Með því sé stefndi að taka sér ígildi dómsvalds, þar sem embættið telji að dómur hefði átt að vera á annan veg vegna óljósra skírskotana til forsendna dómsins. Engin lagaheimild sé til þess.
29. Dómar eigi að vera skýrir og lokaniðurstaða mála eigi að birtast í dómsorði. Rökin þar að baki séu m. a. þau að ótækt sé að eftirláta málsaðilum, sem muni augljóslega hneigjast hvor um sig til að draga ályktanir með sínu hugarfari, að meta hvað megi ráða af forsendum úrlausnar.
30. Dómstólar sjálfir verði að taka af öll tvímæli í úrlausnum sínum um hverjar þær niðurstöður séu sem fullnægja megi með aðför. Það sé sú leið sem lögum samkvæmt er ætlast til að sé farin, því í dómum eigi ávallt að fylgja ályktunarorð, dómsorð, þar sem draga eigi saman niðurstöðu máls, sbr. 3. mgr. 183. gr., 3. mgr. 209. gr. og 3. mgr. 226. gr. laga nr. 88/2008.
31. Samkvæmt nefndum lagaákvæðum skuli dómstóll hverju sinni taka afstöðu til þess hvað felist í lokaniðurstöðu hvers dómsmáls fyrir sig. Framangreindu til stuðnings vísar stefnandi til meginreglu 1. töluliðar 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Samkvæmt ákvæðinu miðist heimild til aðfarar á grundvelli dóms eða úrskurðar við þær kröfur sem

mælt sé fyrir um í ályktunarorðum úrlausnarinnar, en ekki við atriði sem aðeins sé sagt til um í forsendum hennar.

32. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] hafi stefnanda ekki verið gerð refsing. Þegar af þeirri ástæðu eigi hann rétt á endurgreiðslu alls þess kostnaðar sem hann hafi greitt til íslenska ríkisins á grundvelli dóms Hæstaréttar í máli nr. [...], auk vaxta, enda hafi réttaráhrif dóms Hæstaréttar í máli nr. [...] verið felld úr gildi. Það sé ekki hlutverk stefnda að ákveða stefnanda refsingu með því að endurgreiða honum ekki að fullu þá fjármuni sem hafi verið greiddir samkvæmt dómi sem felldur hafi verið úr gildi.

#### *Vextir*

33. Stefnandi kveðst byggja kröfu sína um greiðslu vaxta í fyrsta lagi á hlutlægrri bótareglu í 246. gr. laga um meðferð sakamála, í öðru lagi á sakarreglunni, í þriðja lagi á ólögfestum reglum um endurgreiðslu ofgreidds fjár og meginreglum kröfuréttar og í fjórða lagi á reglu um skaðabætur vegna frelsissviptingar að ósekju.
34. Hvergi í settum lögum sé ákvæði um hvernig fara skuli með endurgreiðslu fjár sem innheimt hafi verið á grundvelli laga um fullnustu refsinga eða með vísan til þeirra.
35. Með dómum MDE, Endurupptökudóms og Hæstaréttar í máli nr. [...] hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum stefnanda með endurtekinni málsmeðferð og refsingu.
36. Hvað varðar kröfu um skaðabætur í formi vaxta með vísan til hlutlægrar bótareglu í 246. gr. laga nr. 88/2008 byggir stefnandi á því að hann hafi verið „sýknaður af sök“ og nemi tjón hans þeirri fjárhæð sem honum hafi „með ólögmætum hætti [verið] gert að greiða stefnda á grundvelli rangs dóms“. Hluttur stefnanda verði ekki réttur með öðrum hætti en greiðslu vaxta frá hverjum greiðsludegi. Að öðrum kosti sé stefnanda ekki bætt það fjártjón sem hann hafi orðið fyrir með hinum ólögmeta dómi.
37. Vextir skuli vera jafnháir dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 á hverjum tíma, enda sé dráttarvaxtakrafa ekkert annað en krafa um lögæltar bætur fyrir það að haldið sé greiðslu fyrir stefnanda með ólögmætum hætti. Þessu til stuðnings vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 213/2010 og til athugasemda við frumvarp er varð að lögum nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, svohljóðandi:

Rökin með greiðslu dráttarvaxta eru þau að slíkir vextir eru lögbundnar bætur vegna tjóns sem almennt má ætla að kröfuhafi verði fyrir vegna greiðsludráttar og þá jafnframt að jafna megi oftöku skattfjár til slíks greiðsludráttar. Gjaldendur sjálfir þurfi í öllum tilvikum að greiða dráttarvexti ef þeir greiða ekki álögð gjöld á gjalddaga og því sé

sanngjarnnt að þeir fái féð til baka með sömu vöxtum ef í ljós kemur á síðari stigum að þeir hafi greitt of mikið [áherslubreyting stefnanda].

38. Stefnandi byggir á því að hann hafi engra annarra kosta átt vöð en að greiða sektina og sakarkostnaðinn sem ákveðinn var með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...]. Að öðrum kosti hefði honum verið gert að sæta fangelsisvist í 12 mánuði. Alvarleiki málsins verði vart meiri.
39. Gjaldtagi dráttarvaxta í skilningi 5. gr. laga nr. 38/2001 sé hver sá dagur þegar stefnandi greiddi inn á sektina, enda hafi féð verið í vörslu stefnda frá þeim tímamörkum. Engu breyti hvort um hafi verið að ræða innborgun af hálfu stefnanda eða skuldajöfnuð sem framkvæmdur var einhliða af hálfu stefnda.
40. Varakröfu um að vextir verði ákveðnir samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 kveður stefnandi styðjast við það að skilyrði sakarreglunnar um saknæma háttsemi, tjón og orsakatengsl séu augljóslega uppfyllt, með vísan til fyrri umfjöllunar í stefnu.
41. Stefnandi kveðst byggja dómkröfur sínar sjálfstætt á lagasjónarmiðum um skaðabætur vegna frelsissviptingar að ósekju. Verði ekki fallist á kröfu stefnanda um dráttarvexti eða vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 sé ljóst að tómarúm sé í lögum um vexti til handa mönnum sem dæmdir hafi verið til sektarrefsingar með ólögumætum hætti við þær aðstæður sem uppi eru í máli þessu. Af þeim sökum beri að líta til markmiðs 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og eðlis þeirrar reglu sem þar komi fram um rétt manns til skaðabóta vegna frelsissviptingar að ósekju, sbr. sjónarmið sem fram komi í Hæstaréttardómi í máli nr. 48/2022.
42. Til þrautavara kveður stefnandi byggt á því að greiða skuli honum vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 150/2019. Samkvæmt þeirri lagagrein beri stjórnvöldum sem innheimta skatta, gjöld eða sektir að endurgreiða það fé sem reynist ofgreitt ásamt vöxtum af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram. Auk þess gildi í íslenskum rétti ólögfest auðgunarregla, en í henni felist að sá sem hlotið hafi óréttmæta auðgun á þann hátt að annar maður hafi hlotið tjón af skuli skila hinum ávinningi sínum. Skuli endurgreiðslukrafa stefnanda bera vexti í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 150/2019 frá þeim degi sem hinar ofgreiddu greiðslur voru inntar af hendi. Í ákvæðinu sé mælt fyrir um að endurgreiðsla á ofgreiddu fé skuli bera vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Þá komi fram í 3. mgr. ákvæðisins að krefjast megi dráttarvaxta frá þeim tíma þegar dómssmál telst höfðað.

43. Stefnandi vísar til athugasemda að baki umræddu ákvæði í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 150/2019, svohljóðandi:

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórnvöld skuli endurgreiða skatta, gjöld og sektir sem ofgreidd reynast lögum samkvæmt. Með stjórnvöldum er átt við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra í skilningi stjórnáskilninga. Ákvæðið tekur bæði til þess fjár sem kann að vera oftekið að kröfu stjórnvalda og þess sem greitt er umfram lagaskyldu af ástæðum sem eru gjaldanda sjálfum um að kenna. Í báðum tilvikum á gjaldandi rétt á endurgreiðslu og óháð því hvort hann hafi innt af hendi greiðslu með fyrirvara um lögmæti kröfu eða gert kröfu um endurgreiðslu. Þá segir að endurgreiðslan skuli greidd með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Gildir það óháð orsökum ofgreiðslunnar. Vextir eru greiddir frá þeim tíma sem ofgreitt var og þar til endurgreiðsla á sér stað, þ.e. fyrir allan þann tíma sem féð er í vörslu ríkissjóðs [áherslubreytingar stefnanda].

44. Í 3. mgr. 1. gr. laganna sé tekið fram að löggin gildi ekki um endurgreiðslu sekta sem innheimtar séu á grundvelli laga um fullnustu refsinga eða með vísan til þeirra. Byggir stefnandi á því að eftir að dómur Hæstaréttar nr. [...] var felldur úr gildi sé stefnda óheimilt að bera fyrir sig undantekningu 3. mgr. 1. gr. laganna.

45. Stefnandi áréttar að samkvæmt 6. gr. laga nr. 150/2019 skuli þess gætt að allir gjaldendur sem eins standi á um hljóti sömu málsmeðferð. Stefndi hafi endurgreitt öðrum einstaklingum í nákvæmlega sömu stöðu og stefnandi sé í sektir og sakarkostnað að fullu með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 150/2019. Eru þrír einstaklingar tilgreindir í stefnu í þessu sambandi. Um jafnræði einstaklinga vísar stefnandi einnig til 11. gr. laga nr. 37/1993 og 65. gr. stjórnarskrárinnar.

46. Að mati stefnanda beri að líta á ofgreiðslur hans vegna ólögmæts refsídóms sem frelsissviptingu í skilningi stjórnarskrárákvæðisins. Leggur stefnandi áherslu á að sektargreiðslan hafi verið refsing og að ef hún yrði ekki greidd skyldi stefnandi ella sæta fangelsi í 12 mánuði.

47. Vexti beri að greiða frá þeim tíma sem ofgreitt hafi verið og þar til endurgreiðsla eigi sér stað, þ.e. fyrir allan þann tíma sem féð hafi verið í vörslum ríkissjóðs með ólögmætum hætti.

*B. Krafa um miskabætur vegna skilorðsbundinnar refsingar að ósekju*

48. Kröfu sína um miskabætur, auk vaxta, kveður stefnandi reista á því að hann hafi orðið fyrir tjóni með því að vera gert að sæta ólögmætri skilorðsbundinni refsingu og

sektargreiðslu. Krafan styðjist við 246. gr. laga nr. 88/2008, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Það teljist ólögmæt meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu manns að vera ranglega dæmdur og vera gert að þola ólögmæta refsingu.

49. Varðandi ákvörðun um hvað teljist hæfilegar miskabætur tekur stefnandi fram að það verði hvorki ráðið af lögum nr. 88/2008 né forsögu þeirra hvaða atriði það séu sem fallið geti undir miska samkvæmt 5. mgr. 246. gr. laganna. Í samræmi við þau megingsjónarmið sem gildi almennt um miskabætur að íslenskum lögum verði hins vegar að leggja til grundvallar að markmið þeirrar reglu sem sett er fram í 5. mgr. 246. gr. laganna felí í sér að greiða skuli þeim sem þolað hefur refsídóm að ósekju bætur vegna tjóns sem ekki er unnt að meta til fjár eftir almennum mælikvarða, sbr. meginreglu 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í því sambandi verði við ákvörðun bóta fyrir þann miska sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna refsíðómsins að taka mið af þeirri meingerð gegn persónu og æru stefnanda sem fólst í sakfellingu með óréttmætum refsíðómi og heildarmati á áhrifum slíkrar sakfellingar fyrir hagi stefnanda.

### *C. Fyrning*

50. Stefnandi ítrekar að kröfur hans séu byggðar á því að hann hafi ranglega verið dæmdur og verið gert að þola ólögmæta refsingu.
51. Samkvæmt 1. og 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 hafi dómur Hæstaréttar í máli nr. [...] verið endanlegur og haft bindandi réttaráhrif fyrir stefnanda um þau atriði sem þar voru dæmd. Þá hafi dómurinn haft fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem þar greindi þar til hið gagnstæða væri sannað. Ekki hafi verið unnt að bera kröfu um sama sakarefni undir dómstóla að nýju en nýju máli um slíka kröfu hefði borið að vísa frá dómi samkvæmt 2. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008.
52. Stefnandi hafi því ekki átt þess kost að fá úrlausn dómstóla um kröfur sem byggðust á því að niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. [...] væri efnislega röng fyrr en Endurupptökudómur og Hæstiréttur féllust á að taka dóm Hæstaréttar í máli nr. [...] til endurskoðunar á grundvelli reglna um endurupptöku.
53. Með dómi Hæstaréttar [...] 2022 í máli nr. [...] hafi sakfellingardómi réttarins yfir stefnanda frá 2013 verið hrundið. Dómur Hæstaréttar í máli nr. [...] hafi hins vegar fram til 21. janúar 2022 haft full réttaráhrif samkvæmt efni sínu. Meðan þau áhrif vörðu hafi engar forsendur verið fyrir því að lögum að stefnandi gæti átt tilkall til úrlausnar um þá endurgreiðslukröfu sem sakarefni máls þessa lýtur að. Þær forsendur hafi fyrst verið til staðar í kjölfar þess að Hæstiréttur kvað upp dóm í máli nr. [...]. Sá dómur marki því

upphafstíma fyrningarfrests þeirra krafna sem stefnandi eigi á hendur stefnda. Stefndi hafi auk þess viðurkennt kröfur stefnanda. Kröfur stefnanda séu því ófyrndar.

#### *D. Krafa um málskostnað*

54. Krafa stefnanda um málskostnað er reist á 3. mgr. 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Undir rekstri málsins lagði stefnandi fram gjafsóknarleyfi.

### *III. Málsástæður og lagarök stefnda*

55. Stefndi mótmælir málatilbúnaði stefnanda og kröfum á honum reistum. Er á því byggt að stefndi hafi þegar endurgreitt stefnanda það sem honum bar og stefnandi eigi ekki frekari kröfur á hendur stefnda. Þá hafi stefnanda ekki tekist að sýna fram á að skilyrði til greiðslu miskabóta séu fyrir hendi. Séu því ekki rök til þess að fallast á kröfur stefnanda og beri að sýkna stefnda.
56. Varðandi kröfu stefnanda um endurgreiðslu sektar og sakarkostnaðar umfram það sem þegar hafi verið gert sé rétt að halda því til haga að stefnandi hafi ekki verið sýknaður af sök með síðari dómi Hæstaréttar, [...] 2022 í máli nr. [...], eins og fullyrt sé í stefnu. Með úrskurði Endurupptökudóms [...] 2022 hafi dómur Hæstaréttar frá [...] 2013 verið endurupptekinn. Hafi sá dómur Hæstaréttar þá fallið úr gildi en héraðsdómur í málinu hafi haldið gildi þar til málið var dæmt að nýju í Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 231. gr. og 3. mgr. 232. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Með dómi héraðsdóms í málinu hafi stefnandi verið sakfelldur fyrir brot samkvæmt II. og III. kafla ákæru. Með nýjum dómi Hæstaréttar hafi verið vísað frá dómi sakargiftum á hendur stefnanda á grundvelli II. kafla ákæru en hann hafi eftir sem áður verið sakfelldur fyrir brot samkvæmt 2. tölulið III. kafla. Í greinargerð stefnda segir að brot stefnanda hafi verið talin meiri háttar í skilningi 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga en við munnlegan málflutning var það leiðrétt og tekið fram að þau hefðu aðeins verið heimfærð til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987.
57. Við refsíákvörðun stefnanda hafi verið vísað til þess að samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 varðaði brot hans sektum, sbr. 52. efnisgrein dómsins. Eftir þeirri málsgrein skyldi aldrei dæma lægri fésekt en sem næmi tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem ekki hefðu verið staðin skil á. Að teknu tilliti til þessa og með hliðsjón af þeim sektargreiðslum sem stefnandi hafði þegar innt af hendi væri ljóst að ákvörðun sekta á þeim tíma sem dómur féll myndi nema lægri fjárhæðum en þeim sem stefnandi hafði þegar greitt. Hafi honum því ekki verið gert að greiða sekt. Samkvæmt dómsorði hafi stefnanda ekki verið gerð sértök refsing og hafi allur sakarkostnaður verið greiddur úr ríkissjóði.

58. Stefndi leggur áherslu á að þó svo að stefnanda hafi ekki verið gerð refsing með dómi Hæstaréttar [...] 2022 verði ekki hjá því komist að líta til þess að sú refsíákvörðun byggðist fyrst og fremst á því að hann hefði þegar innt af hendi sektargreiðslur í ríkissjóð. Endurgreiðsla þeirra sekta umfram það sem þegar hafði verið greitt væri því í andstöðu við forsendur þeirrar ákvörðunar að hann þyrfti ekki að sæta sérstakri refsingu þrátt fyrir sakfellingu. Af þeim sökum mótmælir stefndi því að fallast beri á endurgreiðslu þeirra sekta sem stefnandi hafi greitt í ríkissjóð nema að því marki sem sektargreiðslan nam hærri fjárhæð en tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem ekki voru staðin skil á, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987. Verði dómur Hæstaréttar [...] 2022 vart skilinn öðruvísi en svo að stefnanda hefði að lágmarki verið gerð sú refsing hefði hann ekki þegar verið búinn að greiða hærri fjárhæð í formi sektargreiðslna á grundvelli dóms Hæstaréttar [...] 2013. Þannig verði að líta svo á að hafi réttur til endurgreiðslu sekta stofnast með úrskurði Endurupptökudóms, eins og stefnandi hafi haldið fram, beri 52. efnisgrein dóms Hæstaréttar í máli nr. [...] það með sér að sá réttur hafi fallið niður með þeim dómi, a.m.k. í þeim mæli sem nemi tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem ekki voru staðin skil á.
59. Í dómi Hæstaréttar [...] 2022 segi að stefnandi hafi gerst sekur um að vantelja í starfsemi F (síðar G) greiðslu að fjárhæð 8.000.000 króna og standa ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna hennar, samtals 3.083.200 krónum. Stefndi bendir á að miðað við þetta hefði stefnandi fengið að lágmarki sekt að fjárhæð 6.166.440 krónur (2 x 3.083.200 krónur) vegna þeirrar háttsemi sem hann var fundinn sekur um. Stefnandi hafi þegar greitt 8.900.000 krónur í sekt á grundvelli hins endurupptekna dóms og hafi honum því verið bættur mismunurinn, 2.733.560 krónur, 1. júní 2023.
60. Varðandi þá málsástæðu stefnanda að ekkert dómsorð sé til staðar sem kveði á um að stefndi geti haldið eftir hluta af þeim fjármunum sem stefnandi hafi greitt, bendir stefndi á að hvorki sé kveðið á um það í dómsorði né forsendum dómsins að stefnda beri að endurgreiða stefnanda fjármuni. Í dómsorði séu hins vegar tilteknir þeir kostnaðarliðir sem stefnandi hafði greitt en skyldu greiðast úr ríkissjóði, svo sem málsvarnarlaun verjanda. Sé því ljóst að kveðið hafi verið skýrlega á um þær fjárhæðir sem greiða átti úr ríkissjóði vegna málanna. Þar hafi þó ekki verið minnst á greiðslu sekta úr ríkissjóði. Sú greiðsla sem innt var af hendi til stefnanda 1. júní 2023 sé því umfram það sem kveðið sé á um í dómi Hæstaréttar.

61. Stefndi leggur áherslu á að af lestri dómsins sé ljóst að ástæða þess að stefnanda sé ekki gerð frekari refsing sé að hann hafi þegar innt sektargreiðslu af hendi í ríkissjóð. Frekari greiðslur til stefnanda væru í beinni andstöðu við dóm Hæstaréttar.

*Um vaxtakröfu*

62. Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda. Að mati stefnda standi ekki lagarök til þess að greiddir verði frekari vextir til stefnanda. Krafan sé fyrst og fremst studd við 246. gr. laga nr. 88/2008 en stefnandi fullyrði að hann hafi verið „sýknaður af sök“. Þessu mótmæli stefndi enda sé sú staðhæfing röng. Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 geti eingöngu komið til greiðslu bóta á grundvelli ákvæðisins ef mál bótakrefjanda hefur verið felld niður eða hann sýknaður með endanlegum dómi. Ljóst sé að hvorugt eigi við í tilviki stefnanda. Mál stefnanda hafi hvorki verið felld niður né hafi hann verið sýknaður með endanlegum dómi.

63. Stefndi mótmælir því jafnframt að vaxtakrafa stefnanda verði studd við sakarregluna. Stefndi hafnar því að skilyrði hennar séu uppfyllt. Þá sé því einnig mótmælt að slík krafa verði studd við ólögfestar reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár og meginreglur kröfufurðar eða reglu um skaðabætur vegna frelsissviptingar að ósekju. Er bent á að afar takmarkaða umfjöllun sé að finna um þessar málsástæður í stefnu. Þar af leiðandi sé því hafnað að til greiðslu vaxta geti komið, hvort heldur sem er dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu eða vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna.

64. Stefndi geti heldur ekki fallist á að byggt verði á 8. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Í 3. mgr. 1. gr. laganna sé kveðið á um að þau gildi ekki um endurgreiðslu sekta sem innheimtar eru á grundvelli laga um fullnustu refsinga eða með vísan til þeirra laga.

65. Komi hins vegar til greiðslu vaxta, gegn mótmælum stefnda, telur stefndi að stofndagur krafna geti ekki verið fyrr en í fyrsta lagi þegar dómur Hæstaréttar var felldur úr gildi með úrskurði Endurupptökudómstóls. Stofndagur krafna af þessu tagi geti ekki verið miðaður við greiðslu til ríkissjóðs.

66. Varðandi mál nokkurra einstaklinga sem stefnandi vísi til að stefndi hafi endurgreitt og byggt á að afgreiða verði mál hans á sama hátt og þeirra mótmælir stefndi því að þessir einstaklingar hafi verið í sömu stöðu og stefnandi. Á málum þeirra og máli stefnanda sé sá grundvallarmunur að þau hafi öll verið sýknuð, utan eins tilviks þar sem máli hafi verið vísað frá héraðsdómi. Stefnandi hafi hins vegar verið sakfelldur fyrir einn ákærulið,

enda þótt málinu hafi verið vísað frá héraðsdómi að því er varðaði sakargiftir samkvæmt einum kafla ákæru. Stefnandi hafi því aldrei verið sýknaður af sök. Sé því ekki um brot á jafnræði að ræða, eins og stefnandi byggir á.

#### *Um miskabótakröfu*

67. Stefndi hafnar því að stefnandi eigi rétt á greiðslu miskabóta. Þá bendir stefndi á að með dómi MDE [...] 2017 hafi stefnanda verið ákvarðaðar miskabætur vegna meðferðar málsins sem stefndi hafi þegar innt af hendi. Ekki sé tilefni til að greiða miskabætur á nýjan leik.
68. Með vísan til sömu röksemda og að framan greinir mótmælir stefndi því að komið geti til greiðslu miskabóta á grundvelli 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, enda hafi mál stefnanda hvorki verið fellt niður né hafi hann verið sýknaður með endanlegum dómi.
69. Þá hafi stefnandi heldur ekki sýnt fram á að skilyrði séu uppfyllt til greiðslu miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og er bent á að umfjöllun í stefnu um þá staðhæfingu sé afar takmörkuð. Varakrafa um lækkun, komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, gegn mótmælum stefnda, að stefnandi eigi rétt á miskabótum, er á því reist að krafa stefnanda sé langt umfram það sem tíðkast hafi í dómaframkvæmd.
70. Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### *IV. Niðurstaða*

71. Ágreiningsefni í máli þessu eru príþætt. Eins og málið hefur skýrst fyrir dómi er í fyrsta lagi deilt um það hvort stefnandi eigi kröfu um fulla endurgreiðslu fjármuna sem hann greiddi upp í sekt sem hann var dæmdur til að greiða með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...]. Er orðið óumdeilt að hann greiddi samtals 8.900.000 krónur upp í sektina á þeim dagsetningum sem endanleg dómkrafa hans miðar við en hefur aðeins fengið hluta þess fjár, 2.733.560 krónur, endurgreiddan. Ekki er um það deilt að stefnandi hefur fengið endurgreiddan að fullu þann sakarkostnað sem hann greiddi í kjölfar sama dóms, að fjárhæð 3.906.863 krónur. Verður málatilbúnaður stefnda ekki skilinn á annan hátt en þann að ekki sé gerður ágreiningur um skyldu stefnda til endurgreiðslu bæði sektar og sakarkostnaðar, heldur aðeins umfang hennar hvað sektina varðar. Þá virðist liggja ljóst fyrir og óumdeilt að bæði endurgreiðslukrafan og þær endurgreiðslur sem þegar hafa farið fram til stefnanda eigi sér stoð í almennum reglum kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár en ekki í skaðabótareglum.

72. Í öðru lagi er deilt um það hvort stefnandi eigi kröfu um skaðabætur í formi vaxta af endurgreiðslukröfu sinni, eða til vara kröfu um frekari vexti en honum hafa þegar verið greiddir.
73. Í þriðja lagi er deilt um það hvort stefnandi eigi rétt til frekari miskabóta en honum voru greiddar samkvæmt dómi Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE).
74. Verður hér fjallað um þessi ágreiningsefni í sömu röð, fyrst um endurgreiðslukröfuna, svo vaxtakröfuna og loks miskabótakröfuna.

*Endurgreiðslukrafa stefnanda*

75. Eins og fram er komið byggir stefnandi endurgreiðslukröfu sína í meginatriðum á því að það komi hvorki skýrt fram í forsendum né í dómsorði í Hæstaréttarmáli nr. [...] að honum sé gerð sekt fyrir það brot sem hann var þar ótvírætt sakfelldur fyrir, samkvæmt III. kafla ákæru. Það liggja því einfaldlega enginn dómur fyrir um greiðsluskyldu hans á sekt, enda hafi réttaráhrif dóms í Hæstaréttarmáli nr. [...] fallið niður við úrskurð Endurupptökudóms [...] 2022. Við það hafi staðið eftir dómur héraðsdóms, þar sem ákvörðun refsingar hans hafi verið frestað skilorðsbundið, uns dómur Hæstaréttar í máli nr. [...] var kveðinn upp, þar sem stefnanda var ekki gerð sérstök refsing.
76. Hvað umfang endurgreiðsluskyldunnar varðar greinir aðila í grunninn á um hvernig skilja beri dóm Hæstaréttar í máli nr. [...], þá einkum efnisgrein 52 í forsendum dómsins og samspil hennar við dómsorðið sem hljóðaði um að stefnanda væri ekki gerð sérstök refsing. Umrædd efnisgrein 52 er tekin upp orðrétt í heild sinni í málavaxtalýsingu í kafla I um málsatvik hér að framan. Eins og þar kemur fram vísar rétturinn fyrst til fésektarlágmarks 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 en segir síðan: „Að teknu tilliti til þessa og með hliðsjón af þeim sektargreiðslum sem ákærðu hafa innt af hendi er ljóst að ákvörðun sekta nú næmi lægri fjárhæðum en þeim sem þeir hafa greitt.“ Samkvæmt því var það niðurstaða réttarins að hvorugum ákærða yrði gert að greiða sekt. Var framangreind niðurstaða í samræmi við þær kröfur sem gerðar voru í málinu af hálfu beggja ákærðu, en hvorugur þeirra krafðist sýknu heldur kröfðust þeir báðir þess að þeim yrði ekki gerð refsing. Byggðu báðir þá kröfu á þeirri málsástæðu að þeir hefðu þegar greitt hærri fjárhæð í sekt eftir dóm réttarins í máli nr. [...] en efni hefðu staðið til.
77. Það mál sem dæmt var með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...], í kjölfar endurupptöku Hæstaréttarmáls nr. [...], er sakamál. Það eru þau mál sem handhafar ákærvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, sbr. 1. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í sakamálum er, samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna, hægt að fjalla um einkaréttarkröfur

samkvæmt XXVI. kafla laganna, þ.e. kröfur brotþola og annarra sem telja sig hafa öðlast kröfu að einkarétti á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi hans, sbr. 1. mgr. 176. gr. laganna. Með gagnályktun frá þessum ákvæðum verður ekki fjallað um einkaréttarkröfur af öðrum toga við meðferð sakamála.

78. Í samræmi við framangreint var það ekki hluti af sakarefni Hæstaréttarmáls nr. [...] að leysa úr hugsanlegum rétti stefnanda til endurgreiðslu þeirra sekta og sakarkostnaðar sem hann kynni að hafa ofgreitt. Voru enda, í samræmi við lög, engar slíkar kröfur hafðar uppi í því máli. Það er hins vegar sakarefni þess máls sem stefnandi hefur nú höfðað og hér er til umfjöllunar að leysa úr slíkum endurgreiðslukröfum hans.
79. Af framangreindu leiðir að hafna verður þeim málsástæðum stefnanda sem lúta að því að „eingöngu [beri] að leysa úr málinu á grundvelli dómsorðs Hæstaréttar“ í máli nr. [...], en ella sé „stefndi að taka sér ígildi dómsvalds“, án lagaheimildar, sbr. málsgrein 40 í stefnu. Af framangreindu leiðir einnig að dómkröfu stefnanda verður ekki hafnað af þeim sökum að enginn dómur liggi fyrir um rétt hans til endurgreiðslu, eins og nefnt er í málsgrein 16 í greinargerð stefnda.
80. Við munnlegan málflutning vísaði lögmaður stefnanda til samanburðar og hliðsjónar til dóms Hæstaréttar 12. mars 1998 í máli nr. 253/1997, þar sem um var að ræða mál sem lokið hafði með dómi héraðsdóms en var endurupptekið með áfrýjun til Hæstaréttar, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Var bent á að forsendur og dómsorð Hæstaréttar í þeim dómi væru sett fram með öðrum og skýrari hætti en í dómi í máli nr. [...], þótt aðstæður hefðu verið hliðstæðar. Í forsendum dóms í máli nr. 253/1997 var tekið fram að refsing ákærða teldist hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt í ríkissjóð en jafnframt að innheimt hefði verið sekt samkvæmt hinum áfrýjaða dómi að fjárhæð 400.000 krónur og teldist því sektin, sem nú væri ákveðin, þegar greidd í ríkissjóð. Hljóðaði dómsorð réttarins svo að ákærði skyldi greiða 200.000 króna sekt í ríkissjóð en hann teldist „þegar hafa tekið út þá refsingu“.
81. Ekki hefur verið bent á frekari fordæmi í sömu átt. Dómsorð Hæstaréttar í máli nr. [...] er sett fram með þeim hætti sem almennt tíðkast í sakamálum, þ.e. í dómsorði er ekki kveðið sérstaklega á um sakfellingu heldur einungis ákvörðun um refsingu; í þessu tilviki ákvörðun um að gera stefnanda ekki sérstaka refsingu. Það getur engum úrslitum ráðið um endurgreiðslukröfu stefnanda þótt ekki virðist fullt samræmi í dómaframkvæmd Hæstaréttar varðandi það hvernig forsendur og dómsorð eru sett fram við þær aðstæður sem hér eru uppi, sbr. þann dóm sem stefnandi vísar til máli nr. 253/1997. Sá háttur sem

hafður var á framsetningu forsendna og dómsorðs í máli Hæstaréttar nr. [...] var aftur á móti t.d. í samræmi við þann hátt sem hafður var á í dómi Hæstaréttar [...] 2021 í máli nr. [...], þótt þar hafi að vísu ekki verið um sektarrefsingu að ræða heldur fangelsisrefsingu sem dæmd var skilorðsbundin og styttri en sú fangelsisrefsing sem þegar hafði verið afplánuð.

82. Mál þetta er almennt einkamál og fer um meðferð þess eftir lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður því að hafna hvers kyns málsástæðum stefnanda sem lúta að því að niðurstaða máls þessa kunni að fela í sér endurskoðun á ákvörðun refsingar samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. [...]. Eftir almennum reglum hvílir sönnunarbyrðin á stefnanda, a.m.k. í öndverðu, um að hann eigi kröfu til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem hann krefur stefnda um í málinu. Þá kröfu byggir stefnandi í reynd ekki á öðrum málsástæðum en þeim sem lúta að staðhæfingum hans um rétta túlkun framangreinds dóms réttarins.
83. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] kemur skýrt fram í forsendum dómsins, í málsgreinum 48 og 49, að stefnandi var þar sakfelldur fyrir að hafa af stórkostlegu hirðuleysi brotið gegn 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, með þeirri háttsemi sem þar greinir. Þá kemur skýrt fram, í efnisgrein 52, að ástæða þess að stefnanda var ekki gerð refsing vegna þess brots sem hann var sakfelldur fyrir var sú að hann hafði þá þegar greitt hærri fjárhæð í sekt til ríkissjóðs en sem nemur sektarlágmarki samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, þ.e. tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem ekki höfðu verið staðin skil á. Með öðrum orðum verður ekki annað ráðið af dóminum en að dómsorð í málinu hefði hljóðað um greiðslu sektar sem miðuð hefði verið við fésektarlágmark 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, hefði stefnandi ekki þegar verið búinn að greiða hærri fjárhæð í sekt í ríkissjóð vegna dóms í máli nr. [...].
84. Í dóminum er hvergi að finna umfjöllun sem rennt getur stoðum undir þann málatilbúnað stefnanda að ástæða þess að stefnanda var ekki gerð sérstök refsing kunni að hafa verið önnur, svo sem vikið var lauslega að við munnlegan málflutning. Yrði á slíkt fallist væri þar einungis um getgátur að ræða sem ættu sér enga stoð í dóminum eða öðrum gögnum málsins.
85. Samkvæmt framanrituðu hefur stefnanda ekki lánast að færa viðhlítandi sönnun fyrir því að hann eigi kröfu um endurgreiðslu úr hendi stefnda sem taki mið af öðru en því að sú sekt sem á hann var lögð með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...], og hann hafði þegar greitt að hluta áður en málið var endurupptekið, hafi með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] verið

talin réttmæt upp að framangreindu sektarlágmarki. Í tilviki stefnanda er ágreiningslaust að það hafi numið 6.166.440 krónum, eins og fram kom við munnlegan málflutning.

86. Við framangreinda fjárhæð var miðað í útreikningi stefnda við endurgreiðslu hans, sbr. yfirlýsinguna 1. júní 2023. Þar var einnig miðað við að greidd sektarfjárhæð næmi 8.900.000 krónum eins og óumdeilt er nú orðið. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar að útreikningur stefnda á höfuðstól endurgreiðslukröfu stefnanda, 2.733.560 krónur, hafi verið réttur og að stefnandi eigi ekki rétt til frekari endurgreiðslu sektarfjárhæðarinnar en hann hefur þegar fengið greidda.

#### *Vextir af endurgreiðslukröfu*

87. Víkur þá að ágreiningi aðila um vaxtakröfur. Fyrir liggur nú að sakarkostnaðinn fékk stefnandi endurgreiddan með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 150/2019. Hluta sektarinnar fékk hann endurgreiddan með almennum vöxtum skv. II. kafla laga nr. 38/2001 frá þeim degi sem úrskurður Endurupptökudóms var kveðinn upp, en með dráttarvöxtum frá þeim degi er mánuður var liðinn frá dagsetningu kröfubréfs lögmanns hans til greiðsludags. Eftir þær skýringar á hreyfingayfirliti sem fengust við endurupptöku málsins og þær breytingar, stefnda til hagsbóta, sem felast í endanlegri kröfugerð stefnanda, er ekki lengur deilt um fjárhæðir eða hvenær einstakar innborganir stefnanda áttu sér stað.
88. Eins og fram er komið eru vaxtakröfur stefnanda aðallega reistar á bótareglum, þ.e. á hlutlægni bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008, sakarreglunni og reglu 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar um skaðabætur vegna frelsissviptingar að ósekju, en til vara eru þær reistar á ólögfestum reglum kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár og lögum nr. 150/2019.
89. Fallist verður á það með stefnda að stefnandi geti ekki reist rétt til skaðabóta í formi vaxta á ákvæðum 4. og 5. mgr. hinnar hlutlægu bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008, enda hlaut hann ekki dóm „saklaus“, þótt honum hafi verið gert að þola þyngri sektarrefsingu samkvæmt þeim dómi Hæstaréttar sem síðar var felldur úr gildi en hann hlaut á endanum, eftir endurupptöku málsins með dómi réttarins í máli nr. [...]. Verður ekki séð að fordæmi séu fyrir svo rúmri túlkun ákvæða 246. gr. laganna og má þar til hliðsjónar vísa til dóms Hæstaréttar 29. mars 2023 í máli nr. 48/2022.
90. Í stefnu er lítt sem ekkert reifað á grunni hvaða atvika og röksemda skaðabótaábyrgð stefnda samkvæmt sakarreglunni gæti átt hér við og hvernig skilyrði hennar teldust uppfyllt. Er sú málsástæða svo vanreifud að óhjákvæmilegt er að hafna henni.

91. Þá verður að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að regla 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar um rétt til bóta vegna frelsissviptingar að ósekju veiti stoð fyrir kröfu hans um bætur í formi vaxta. Þótt fésektir teljist önnur af tveimur tegundum refsinga, samkvæmt 1. mgr. 31. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, felst ekki frelsissvipting í ákvörðun um að dæma mann til greiðslu fésektar. Þá verður fésekt ekki heldur öldungis til þess jafnað að maður sé sviptur frelsi sínu, jafnvel þótt ákveðin sé vararefsing í formi fangelsis, greiðist sektin ekki. Fyrir liggur að í máli þessu kom ekki til afplánunar vararefsingar og voru ógreiddar eftirstöðvar sektarinnar afskrifaðar 13. mars 2020. Verður því einnig hafnað þeirri málsástæðu að beita megi reglunni fyrir lögjöfnun. Verður aðstæðum og atvikum í máli þessu ekki jafnað til þeirra sem fyrir hendi voru í Hæstaréttarmáli nr. 48/2022 sem stefnandi vísar einna helst til sem fordæmis.
92. Enn fremur verður að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að krafa hans um vexti eigi sér stoð í lögum nr. 150/2019, enda gilda þau lög ekki um endurgreiðslu sekta sem innheimtar eru á grundvelli laga um fullnustu refsinga eða með vísan til þeirra laga, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Um er að ræða skýrt og ófrávíkjanlegt ákvæði um gildissvið laganna. Verður að hafna þeim málsástæðum stefnanda sem lúta að því að stefnda sé „óheimilt að bera fyrir sig undantekningu“ þess ákvæðis. Af ákvæði laganna um gildissvið þeirra leiðir jafnframt að jafnræðisregla 6. gr. laganna getur ekki átt við í máli þessu.
93. Þá stoðar það ekki stefnanda, gegn mótmælum stefnda og án nokkurrar gagnaframlagningar til stuðnings staðhæfingum sínum, að vísa til jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 65. gr. stjórnarskrárinnar og til mála annarra nafngreindra einstaklinga sem hann kveður hafa fengið endurgreiddar sektir og sakarkostnað „að fullu“ með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 150/2019, frá greiðsludegi. Miðað við það litla sem þó kom fram við munnlegan málflutning um mál þeirra einstaklinga varð ekki ráðið að aðstæður og atvik hefðu verið sambærileg máli þessu.
94. Samkvæmt öllu framanrituðu hefur stefnanda ekki tekist að sanna að hann eigi rétt til frekari greiðslna í formi vaxta en hann fékk við endurgreiðslur sektar og sakarkostnaðar í maí og júní 2023.
95. Af framanrituðu leiðir að stefndi verður sýknaður af fyrri dómkröfu stefnanda, bæði aðal- og varakröfu.

*Miskabótakrafa stefnanda*

96. Víkur þá að annarri dómkröfu stefnanda um miskabætur að fjárhæð 10.000.000 króna, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum. Óumdeilt er að stefnandi hefur þegar fengið greiddar miskabætur úr hendi stefnda samkvæmt dómi MDE frá [...] 2017 en ekki útilokar það að hann geti sótt frekari miskabætur, teljist rök standa til þess, en sönnunarbyrðin um það hvílir á stefnanda.
97. Með vísan til forsendna dómsins sem raktar eru hér að framan varðandi niðurstöðu um vexti af endurgreiðslukröfu stefnanda verður að hafna kröfu stefnanda að því leyti sem hún er reist á 246. gr. laga nr. 88/2008, enda var stefnandi ekki dæmdur „saklaus“ til að þola umrædda sektarrefsingu, eins og þar kemur fram. Verður miskabótakrafan því ekki reist á því lagaákvæði.
98. Að því leyti sem vera kann að miskabótakrafan sé einnig studd málsástæðu eða lagarökum um beitingu 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, jafnvel fyrir lögjöfnun, enda þótt það komi hvergi fram í umfjöllun um miskabótakröfuna í stefnu, verður slíkum málsástæðum einnig hafnað, með vísan til áðurnefndra forsendna dómsins.
99. Stefnandi byggir miskabótakröfu sína jafnframt á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er á því byggt að það teljist meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu manns „að vera ranglega dæmdur og vera gert að þola ólögmeta refsingu“, eins og orðrétt segir í stefnu. Að öðru leyti er þar ekki nánar fjallað um hvaða atvik eða aðstæður eigi að leiði til þess að skilyrðum ákvæðisins teljist fullnægt. Miðað við málsatvikalýsingu í stefnu og munnlegan málflutning má ætla að þar sé helst horft til framangreinds dóms MDE um dóm Hæstaréttar í máli nr. [...], en því er þó hvergi lýst að hvaða leyti sú dómsúrlausn Hæstaréttar eða þau atvik sem þar var fjallað um verði metin starfsmönnum íslenska ríkisins til sakar. Í dómaframkvæmd um túlkun ákvæðis b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, sbr. orðið „meingerð“, hafa verið gerðar auknar kröfur um saknæmisstig tjónvalds. Hefði því verið fullt tilefni til að reifa það ítarlega í stefnu hvernig skilyrðum ákvæðisins væri talið fullnægt. Samkvæmt framanrituðu verður miskabótakröfu stefnanda einnig hafnað að því leyti sem hún er reist á þessum lagagrundvelli.
100. Samkvæmt öllu framanrituðu er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefnda af öllum dómkröfum stefnanda.
101. Eftir atvikum og með hliðsjón af 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu 19. nóvember 2024. Við aðalmeðferð málsins var fært til bókar að stefnandi krefjist málskostnaðar eins og málið sé ekki gjafsóknarmál og verður litið

svo á að endanleg kröfugerð sem lögð var fram við endurflutning málsins haggi ekki þeirri bókun. Samkvæmt 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 greiðist gjafsóknarkostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans stefnanda, sem þykir hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði. Við ákvörðun gjafsóknarþóknunar er litið til tímayfirlits og þess að sami lögmaður fór með annað samkynja mál sem dæmt er á sama tíma. Samkvæmt dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun gjafsóknarþóknunar.

102. Almar Þór Möller lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda og Fanney Rós Þorsteinsdóttir ríkislögmaður af hálfu stefnda. Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Voru dómari og lögmenn aðila sammála um að ekki væri þörf á að endurflytja málið í heild þótt dómsuppsaga drægist fram yfir lögbundinn frest.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmans stefnanda, Almars Þórs Möller, 1.050.000 krónur.

Hildur Briem